

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 3 000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samalgsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. hvern rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. a. s. kr. 1 500 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 184/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 700 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 400 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 186/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.